


## Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is

Netfang: info@saf.is

Skrifstofa Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/571  
komudagur 9.12.2009



Reykjavík, 8. desember. 2009

### Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum. Þskj. 279 — 239. mál.

Samtök ferðapjónustunnar gera athugasemd við b-lið 15. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um hækkun virðisaukaskatts úr 7% í 14% á sölu veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu.


Skattþrep virðisaukaskatts eru nú tvö, annars vegar 24,5% skattþrep, er leggst á sölu á hvers konar vöru og þjónustu og hins vegar 7% skattþrep, er leggst m.a. á sölu á matvörum og öðrum vörum til mannelis eins og það er skilgreint í viðauka með virðisaukaskattslögum, þó ekki sala á áfengi. Með ofangreindri tillögu er lagt til að skattþrepunum verði fjölgað um eitt þannig að sala veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu verði látin bera 14% virðisaukaskatt.

*Með þessu bréfi vilja Samtök ferðapjónustunnar mótmæla harðlega þessari breytingu og skora á Efnahags- og skattanefnd Alþingis að falla frá henni. Þessi afstaða byggist á eftirfarandi:*

Afkoma veitingahúsa hefur versnað verulega á þessu ári vegna mikilla hækkana á aðföngum. Skv. lauslegri könnun meðal veitingahúsa hefur kostnaður aukist um 20-22% s.l. 12 mánuði. Eftirspurn hefur minnkað svo það verður því hvorki hægt að velta þessari hækkun á viðskiptavinina né veitingamenn. Eina leiðin er að minnka þjónustuna og segja upp starfsfólki.

Fjölgun skattþrepa í virðisaukaskatti veldur því að kerfið verður flóknara og kostnaður atvinnurekenda og skattkerfisins verður meiri. Gríðarlegur fjöldi fyrirtækja mun þurfa að láta breyta tölvukerfum sínum og ljóst að minni fyrirtæki hafa oft ekki yfir slíkum búnaði að ráða.

Með samþykki tillögunnar mun Alþingi vekja aftur til lífsins þá mismunun sem fyrirtæki sættu hér áður fyrir að greiða virðisaukaskatt eftir því hvers kyns starfsleyfi þau höfðu. Er þetta miður þar sem reynslan af gamla kerfinu sýndi að gengið var á móti markmiðum samkeppnislaga auk þess sem skattyfirvöld voru gersamlega ófær um að taka á vandamálum þannig að mörgum veitingamanninum fannst að virðisaukaskattsálagningin byggði frekar á geðþótta en lögum. Það var t.d. undir hælinn lagt hvort kaffihús bakarianna seldu með hærra eða lægra skattþrepi og var enginn að fylgjast með því. Þekkt eru dæmi um hamborgara sem keyptir eru út um lúgu veitingahúsa eða sjoppa – á sitthvoru skattstiginu, kjúklingabitar frá veitingahúsi eða matvöruverslun - sambærilegur matur og sama þjónusta, en á sitthvoru skattstiginu.



Þegar virðisaukaskattur á veitingahús var lækkaður í 7% árið 2007 urðu stráumhvörf í samkeppnisumhverfinu þar sem veitingamenn hættu að kvarta yfir svartri atvinnustarfsemi. Lágt skattþrep þar sem allir söluaðilar sátu við sama borð lagaði samkeppnisstöðuna að mun. Þessi breyting mun augljóslega færa samkeppnina til verra horfs, ekki síst þegar litið er til slæmrar stöðu fyrirtækjanna og hversu erfitt er að koma hækkunum út í verðlagið við núverandi kaupmátt.

*Samtök ferðaþjónustunnar leggja til að í stað upptöku nýs skattþreps í virðisaukaskatti verði lægra skattþrepið hækkað til að ná tekjumarkmiðum. Með því móti er tryggt að einfaldleiki virðisaukaskattkerfisins haldist og allir þeir sem selja tilbúinn mat/veitingar sitji við sama borð.*

#### **Endurgreiðslukerfi**


Með því að gera veitingamönnum að innheimta hærri virðisaukaskatt af sölu á matvörum þegar veitt var þjónusta var í raun verið að refska þeim fyrir þjónustubáttinn. Þetta var ríkisvaldinu ljóst og til bæta þeim það upp var í reglugerð nr. 554/1993 um virðisaukaskattsskylda sölu til manneldis o. fl. samþykkt að endurgreiða þeim útlagðan innskatt vegna matvælaaðfanga eins og það var kallað í 4. gr. reglugerðarinnar. Var endurgreiðsluhlutfallið fyrst 93,75% en hækkaði svo í 112,5%. Nutu veitingamenn því bæði innskattsfrádráttar og endurgreiðslu. Verði samþykkt að hækka virðisaukaskatt af sölu veitingahúsa á tilreiddum mat og þjónustu hlýtur því að liggja í hlutarins eðli að þetta endurgreiðslukerfi verði endurupptekið.

#### **Heildaráhrif**

Hækkun virðisaukaskatts úr 7% í 14%, hækkun áfengisgjalds um 42% á einu ári, hækkun virðisaukaskatts á áfengi úr 24,5% í 25% og hækkun tryggingagjalds mun leggja gríðarlegan kostnaðarauka á veitingastarfsemi. Ferðaþjónustan hefur gert verðsamninga fyrir næsta ár og á það við um alla þætti ferðaþjónustunnar, flug, samgöngur, gistingu, veitingar og afþreyingu. Það verður engum verðhækkunum komið inn í þá samninga.

Ferðaþjónustan hefur fært þjóðarbúinu mikla aukningu á gjaldeyristekjum á þessu ári og er búist við að þær geti orðið 150 milljarðar í ár auk þess að ráða sífellt fleira fólk til starfa. Það er mikill hugur í fyrirtækjunum fyrir næsta ár, flugfélögin hafa boðað fjölgun fluga og menn leggja allt sem þeir geta í markaðssetningu víða um heim. Þessar miklu og fyrirvaralaus kostnaðarhækkningar munu vinna gegn þessari baráttu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

  
Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi ftarefni: Reynslan af gamla kerfinu.

### Nánar um reynsluna af gamla kerfinu

Lög um virðisaukaskatt eru nr. 50/1988. Er þau öðluðust gildi 1. jan. 1989 var aðeins eitt skattþrep viðhaft í þeim. Með lögum nr. 111/1922 var skattþrepunum fjölgað um eitt, urðu semsé tvö, það er 24,5% og 14%. Upphaflega var sala á matvöru í hærra skattþrepinu. Með lögum nr. 122/1993 var ákveðið að færa sölu þeirra niður í lægra skattþrepið. Tók það til sölu á hvers konar matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í reglugerð, þó ekki sala á sælgæti og drykkjarvörum og fleiri vörum sem falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987.

Sala veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu skyldi þó áfram vera í hærra skattþrepinu. Bar hún því áfram 24,5%. Þetta fyrirkomulag hélst óbreytt til 1. mars 2007 er virðisaukaskattur af matvöru var lækkaður í 7%, sbr. lög nr. 175/2006. Jafnframt var sérreglan um sölu veitingahúsa á mat afnumin. Eftir um 15 ára baráttu fengu veitingahús og hliðstæð fyrirtæki því loks að sitja við sama borð og aðrir.


Við ákvörðun á því hvort fyrirtæki félli undir sérregluna, það er teldist veitingahús, var í skattfrankvæmd einkum horft til þess hvort einhver þjónusta væri innifalin í matarsöluinni. Almennt var þetta ekki vandkvæðum bundið varðandi matsöluastaði þar sem þjónstuhátturinn var augljós. Eins gildi þetta um pulsustaðina svo sem Bæjarins Bestu. Eina þjónustan hjá þeim fólst í upphitun og afhendingu vörunnar yfir búðaborð. Þarna á milli var hins vegar aragrúi af tilvikum sem ómögulegt var að flokka. Þegar Subway hóf rekstur við Ingólfstorg var því gert að innheimta virðisaukaskatt í hærra skattþrepi og var að réttlætt með því að viðskiptamennirnir gætu tyllt sé upp við langborð gengt afgreiðslunni á meðan þeir neyttu matarins. Í raun var samt engin eðlismunur á þjónustu Subway og Bæjarins Bestu. Bæði fyrirtækin framreiddu semsé upphitaðan mat til neyslu á staðnum eða til heimtöku.

Við þetta bættist svo stöðugt harðnandi samkeppi í bakarís- og kaffihúsageiranum. Sala bakarís á köku/brauði og þess háttar var í lægra skattþrepinu á meðan sala kaffihúsa að sama varningi var í því efra. Í lok tíundaáratugar síðustu aldar varð breyting á rekstrarfyrirkomulagi þeirra. Auk þess að kaupa brauð og kökur til heimtöku gátu menn nú sest niður, keypt sér kaffi og neytt þessa á staðnum. Þar sem bakarí er ekki skyldugt að hafa veitingaleyfi var undir hælinn lagt hvort það innheimti virðisaukaskatt í efra skattþrepi af veitingasöluinni. Þegar svo háttaði til að kaffihús og bakarí var staðsett í sama húsinu eins og tilfellið er í Smáralind svo dæmi sé tekið gefur auga leið að samkeppni raskast. Vegna mismunandi virðisaukaskattlagningar gat bakaríið selt sama varning ódýrar. Eins er þessu farið um tilreiðslu margra matvöruverslana á heitum mat. Í sumum er gert ráð fyrir heimtöku á meðan önnur gefa kost á neyslu á staðnum. Þegar svo stendur á er svona upp og ofan hvaða virðisaukaskatt þjónustan ber.

Margir veitingamenn voru eðlilega mjög ósáttir við þetta fyrirkomulag og þótt skattstjórar sýndu umkvörtunum þeirra skilning gátu þeir ekki rétt hlut þeirra. Fyrir vikið fannst mönnum að skattkerfið brygðist þeim. Í mótmælaskyni gengu einstaka jafnvel svo langt að láta skrá kaffihús sín sem bakarí. Það gekk auðvitað ekki en sýnir kannski hversu ósáttir menn voru.

## Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is



Skrifstofa Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2009

**Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, I. Kafli - Breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald og VII. Kafli – Breyting á lögum 50/1988 um virðisaukaskatt.**

Á síðastliðnum 12 mánuðum hefur olúgjald verið hækkað í tvígang og hefur það haft í för með sér mjög miklar kostnaðarhækkunir fyrir hópþreifreiðafyrirtæki. Nú er yfirvofandi enn ein hækkunin og mun sú hækkun ásamt öðrum álögum vera hópþreifreiðafyrirtækjum gríðarlega þungbær sérstaklega með tilliti til þess að hópþreifreiðafyrirtækin eru ekki í virðisaukaskattskerfinu og leggjast því 25% ofan á olúgjald og annan meginþorra aðfanga.

Til að mæta síðustu breytingum á olúgjaldi var endurgreiðsla vegna rekstrar almenningsvagna hækkuð úr 80% í 85% og almennt kílómetragjald var lækkað um 20%. Hópþreifreiðafyrirtækin sátu eftir án mótvægisáðgerða en það virðist einnig gleymast í framkvæmdinni sem oft áður að fólksflutningar eru ekki í virðisaukaskattskerfinu og því sitja rekstraraðilarnir uppi með virðisaukaskattinn. Einnig njóta aðrar greinar fólksflutninga sem ekki eru í virðisaukaskattskerfinu undanþágu á greiðslu virðisaukaskatts ákveðinna aðfanga á grundvelli 12. greinar laga nr. 50/1988.

Eins og áður sagði mun áætluð hækkun olúgjalds vera sú þriðja sem dunið hefur yfir hópþreifreiðageirann á árinu án mótvægisáðgerða og nemur heildarhækkunin ásamt væntanlegu kolefnisgjaldi 18,54 krónum með vsk. sem er rúmar 222 milljónir á ársgrundvelli fyrir allar hópþreifreiðar á Íslandi miðað við að heildaröflunotkun sé 12 milljónir lítra. Með öðrum hækkunum opinberra gjalda eins og þreifreiðagjöldum, sem miðað við núverandi tillögur hafa hækkað um 36% og hluta atvinnuleysistrygginga í tryggingagjaldi á laun, sem hefur hækkað um 61% eða úr 5,34% í áætluð 8,6%, mun heildarkostnaðarauki greinarinnar í heild verða um 600 milljónir á ársgrundvelli. Taka ber fram að ekki er hægt að velja þeim kostnaðarauka sem nú bætist við og er um 300 milljónir út í verðlag þar sem búið er að ákveða verð fyrir sumarið 2010. Hækkunin lendir því öll á rekstraraðilunum sem þurfa að grípa til mótvægisáðgerða að stórum hluta til með uppsögnum.



Samtök ferðaþjónustunnar krefjast þess að gætt sé samræmis á milli atvinnugreina og þannig jafnað út það misræmi sem verið hefur undanfarin misseri varðandi virðisaukaskatt og varð til við mótvægisáðgerðir annarra flutningsaðila í síðustu hækkun.

*Samtökunum þykir raunhæfasti kosturinn að lögum nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald verði breytt þannig að þeir aðilar, sem þess óska, geti sett olíumerki á hópþifreiðar sínar og geti þar með nýtt sér litaða olíu. Er þá miðað við að útbúin verði sérstök gjaldskrá á sérstöku kílómetragjaldi fyrir hópþifreiðar á slíkum númerum. Til að gæta jafnræðis við aðrar greinar fólklutninga er einnig farið fram á undanþágu á greiðslu virðisaukaskatts á aðföngum miðað við 12 gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Byggjast þessar tillögur á því að hópþifreiðar eru ein helsta undirstaða samgangna ferðamanna um landið og að stór hluti farþega hópþifreiða eru erlendir ferðamenn.*

Það er einnig nauðsynlegt að benda á að hópþifreiðar eru umhverfisvænn ferðamáti ásamt því að vera gríðarlega mikilvægur hlekkur í að þjóna þeim ferðamönnum sem heimsækja Ísland.

Virðingarfyllst


Samtök ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir

Framkvæmdastjóri

## Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is



Skrifstofa Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2009

### **Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, IV. Kafli - Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald,**

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald þar sem þriðja hækkun bifreiðagjalda á síðastliðnum 13 mánuðum er til umræðu. Þessi hækkun mun hafa mikil áhrif á bílaleigufyrirtækin sem hafa yfir að ráða þúsundum bifreiða sem gjöld eru greidd af. Einnig er ómögulegt að velta hækkuninni út í verðlag þar sem búið er að ákveða verð fyrir 2010 og lendir því kostnaðurinn allur á rekstri fyrirtækjanna.

Bílaleigur afskrá hundruð bíla yfir vetrartímann á hverju ári og greiða þ.a.l. ekki bifreiðagjöld á meðan. Eins og staðan er í dag þarf að skráfa skráningarkerki af öllum bílum og hlýst af því mikið vinnuóhagræði.

*Samtökum ferðapjónustunnar þykir raunhæft að lögum nr. 39/1988 verði breytt þannig að nýr liður bætist við fjórðu grein þar sem fyrirtækjum með ákveðinn fjölda bifreiða verði heimilað, í stað þess að skráfa skráningarkerki af bifreiðum, að setja yfir skoðunarmiða skráningarkerkis miða frá Umferðarstofu með áletrun um að notkun ökutækisins sé bönnuð. Umferðarstofa hefur stutt tillöguna að því gefnu að fjöldi bíla verði skilgreindur.*


Umferðarstofa gefur í dag út miða sem eigendur bíla geta fengið og eru settir yfir númer til að upplýsa um að bifreið sé úr umferð.

Í reglugerð 751/2003 segir eftirfarandi:

14. gr.

*Ökutæki skráð tímabundið úr notkun að ósk eiganda (umráðamanns).*

Óski eigandi (umráðamaður) ökutækis þess að mega taka ökutækið tímabundið úr notkun, skal hann senda tilkynningu þess efnis til Umferðarstofu sem skráir ökutækið úr umferð í ökutækjaskrá og er þá óheimilt að nota það. Skal annað hvort taka skráningarkerki af ökutækinu og afhenda þau, sbr. 16. gr., eða setja yfir skoðunarmiða merkisins miða frá Umferðarstofu með áletrun um að notkun ökutækisins sé bönnuð. Óski eigandi (umráðamaður) þess að mega taka ökutæki aftur í notkun skal senda tilkynningu þess efnis til Umferðarstofu sem skráir ökutækið í notkun á ný að fullnægðum skilyrðum 3. gr. Óheimilt er að nota ökutækið fyrir en skráningarkerki hafa verið sett aftur á það eða skoðunarmiði frá Umferðarstofu, sem er í samræmi við gilda skoðun ökutækisins, hefur verið settur yfir miða um að notkun þess sé bönnuð.



Tryggingafélögin hafa samþykkt þessa miða varðandi tryggingar en fjármálaráðuneytið hefur hingað til krafist að númerum sé skilað inn til að fá bifreiðagjöld felld niður og er það byggt á að skv. d. lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 39/1988 um bifreiðagjald verða bifreiðar einungis undanþegnar gjaldskildu þegar skráningarmerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu. Svo segir jafnframt að niðurfelling gjaldskyldunnar miðist við dagsetningu innlagnar skráningarmerkja.

Eins og áður segir hefur þessi aðgerð gríðarlega mikið vinnuóhagræði í för með sér fyrir bílaleigufyrirtækin með tilheyrandi kostnaði þar sem hundruð bílaleigubíla eru afskráðir ár hvert.

***Tillaga SAF mun ekki aðeins hafa í för með sér hagræði fyrir bílaleigurnar heldur mun einnig skapast mikil hagræðing í stjórnslunni þar sem ekki þarf að taka á móti eða afhenta númer eins og gert er í dag.***

Virðingarfyllst

Samtök ferðapjónustunnar  
Erna Hauksdóttir